

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

10. tölublað 2012

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

pwc

Efnisyfirlit

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Lagðar eru til ýmsar tillögur sem fela í sér breytingar á lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs. Hér verður farið yfir helstu breytingar sem boðaðar eru.

Hæstaréttardómur nr. 59/2012

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að hafna kröfu Grundar um að felldur yrði úr gildi úrskurður ríkisskattstjóra þar sem synjað var beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar vinnu við endurbætur og breytingar á húsnæði.

Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum

Lagðar verða til breytingar á vaxtabótum og að sérstakur fjársýsluskattur verði lagður af.

1 – Vaxtabætur

Lagt er til að þegar einungis annað hjóna er skattskyld hér á landi skuli ákvarða því vaxtabætur hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja.

2 – Leigutekjur af íbúðarhúsnæði

Lögð er til frádráttarheimild til handa þeim sem hafa tekjur af leigu á íbúðarhúsnæði og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi til samræmis við þá sem hafa ótakmarkaða skattskyldu.

3 – Endurreikningar á ólögsmætum vöxtum gengistryggðra húsnæðis- og bílalána

Lagt er til að endurreikningur á ólögsmætum vöxtum gengistryggðra húsnæðis- og bílalána einstaklinga utan atvinnurekstrar hafi engin skattaleg áhrif og leiði ekki til endurákvörðunar vaxtabóta.

Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum

Lögð er til sú breyting að skilaskyldum aðilum verði skylt að skila sundurliðuðum skilagreinum við skil á staðgreiðslu skatts frá og með 1. janúar 2013. Þannig verði unnt að rekja afdregna staðgreiðslu til þeirra sem eru greiðendur skattsins með sama hætti og nú er um afdregna staðgreiðslu af launum.

Lög nr. 113/1990 um tryggingagjald

Gert er ráð fyrir að almennt tryggingagjald hækki um 0,3 prósentustig og samhliða þeirra hækkun er reiknað með að atvinnutryggingagjald lækki um 0,3 prósentustig. Hlutfall tryggingagjalds hjá atvinnurekendum muni því haldast óbreytt milli ára.

Lög nr. 165/2011 um fjársýsluskatt

Lagt er til að almennur fjársýsluskattur verði hækkaður og að hann verði tvö þrep í stað eins. Samhliða yrði sérstakur fjársýsluskattur lagður af.

Lög nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta

Lagt er til að lögin verði gerð ótímabundin en að óbreyttu falla þau úr gildi í árslok 2012.

Lög nr. 6/2007 um ríkisútvarpið ohf.

Lögð er til hækkun á útvarpsgjaldi í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar innan ársins 2012.

Lög nr. 97/1987 um vörugjöld

Lögð verður til endurskoðun almenna vörugjaldsins og hækkun gjalda á sykraða vöru út frá manneldissjónarmiðum.

Lög nr. 96/1995 um gjald á áfengi og tóbak

Lagt verður til að tóbaksgjald hækki um 15% umfram almennt verðlag, nema á neftóbak en lagt verður til að það gjald verði tvöfaldað.

Lög nr. 29/1993 um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Lagt verður til að vörugjöld á ökutæki í eigu bílaleiga verði hækkuð í tveimur áföngum árin 2013-2014 og löguð að þeim sem gilda um ökutæki almennt.

Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Lagt verður til að gistinguþjónusta færist úr lægra þrepi (7%) í almennt skattþrep (25,5%) virðisaukaskatts frá og með 1. maí 2013.

Lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra

Lagt verður til að gjald í framkvæmdasjóð aldraðra hækki í kr. 9.604.

Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar

Lögð verður fram breyting á frítækjumarki á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega gagnvart útreikningi bóta almannatrygginga, en gert er ráð fyrir að frítækjumarkið skuli hækka í þremur áföngum á árunum 2013-2015.

Lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

Lögð verður fram breyting á fjárhæð mánaðarlegra greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi og/eða breyting á lengd fæðingarorlofs.

Lög nr. 14/2004 um erfðafjárskatt

Lagt er til fella brott þá skyldu ríkisskattstjóra að tilkynna erfingjum um lok yfirferðar á erfðafjárskattsskýrslu.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum

Lagt er til að aukið verði gagnsæi eignarhalds og atkvæðisréttar hluthafa í hlutafélögum og einkahlutafélögum með því að félögum verði gert að upplýsa í skýrslu stjórnar með ársreikningi um að lágmarki tíu stærstu hluthafa og alla ef þeir eru færri en tíu og hundraðshluta hlutafjár, ekki einungis eignarhluti yfir 10% eins og nú er.

Lögð er til breyting sem leiðir af tilskipun Evrópusambandsins að móðurfélag sem aðeins á dótturfélög sem skipta óverulegu máli, bæði ein og sér og sem heild þurfi ekki að semja samstæðureikning. Þó skal móðurfélag sem nýtir

sér þessa heimild tilgreina þau dótturfélög sem um ræðir í skýringum með ársreikningi sínum.

Lagt er til að heimild félaga til að hafa ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli.

Lagðar eru til breytingar á þeim greinum sem fjalla um endurskoðun og yfirferð ársreiknings til þess að skýr greinarmunur verði á hlutverki endurskoðanda og skoðunarmanna, þannig að ekki sé hægt að leggja að jöfnu endurskoðun og áritun endurskoðanda samkvæmt lögum um endurskoðendur og yfirferð og undirritun skoðunarmanna.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókhald

Lagt er til að texti bókhaldsbóka og ársreikninga og staðsetning bókhaldsgagna geti verið erlendis í allt að sex mánuði og ekki bundin við færslu þess í erlendum gjaldmiðli.

Dómur Hæstaréttar nr. 59/2012

Með dómi sínum staðfesti Hæstiréttur niðurstöður héraðsdóms um að hafna kröfu Grundar um að felldur yrði úr gildi úrskurður ríkisskattstjóra þar sem synjað var beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprar vinnu við endurbætur og breytingar á húsnæði. Var ekki talið að húsnæði elliheimilisins teldist til íbúðarhúsnæðis samkvæmt reglum um virðisaukaskatt. Tók Hæstiréttur fram að við skýringu á reglunum um endurgreiðslu yrði að líta til þess sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpi til laganna. Þar segði meðal annars að ákvæðið hefði það markmið að koma til móts við húsnæðisbyggjendur í erfiðleikum, sporna við svartri atvinnustarfsemi, jafnframt því að hvetja til aukinnar starfsemi á atvinnumarkaði.

Skatta- og lögfræðisvið PwC

Við hjá Skatta – og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

- Alþjóðlega skattaráðgjöf
- Félagarétt
- Milliverðlagningu („Transfer pricing“)
- Samruna, skiptingar og yfirtökur
- Skattlagningu einstaklinga
- Skattlagningu rekstraraðila
- Virðisaukaskatt

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður

Friðgeir Sigurðsson

Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs

Sími: +354 550 5366

fridgeir.sigurdsson@is.pwc.com

Ritstjóri

Jóhanna Á. Jónsdóttir

Ráðgjafi/Lögfræðingur

Sími: +354 550 5356

johanna.a.jonsdottir@is.pwc.com

PwC | Skógarhlíð 12 | 105 Reykjavík | S: 550 5300 | Fax: 550-5301 | www.pwc.com/is

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt vefriti þessu án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers ehf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafa, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsinum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2012 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers efn. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki innan PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.